



Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart
Rafmagnsveitu Reykjavíkur árin 1991-1993

Kristinn Einarsson

Greinargerð KE-94-03

**VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA
GAGNVART RAFMAGNSVEITU REYKJAVÍKUR
árin 1991-1993**

INNGANGUR

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE-93/01, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árið 1993.

Tilgangurinn með henni er að gera nánari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, í kjölfar þess að tæknivæðing vatnamælingakerfisins við Elliðaár er farin að skila árangri. Úttektin nær til árunna 1991 til 1993.

**1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ RAFMAGNSVEITU
REYKJAVÍKUR 1993**

Grunntölur samstarfssamnings OS og Rarik frá 1991-12-27 í fylgiskjali frá sama tíma gera ráð fyrir 53,5 útivinnustundum (á 219.330 kr.) og 302 innivinnustundum (á 549.809 kr.), alls 355,5 stundum á kr. 769.139, allt reiknað á einingarverði ársins 1993.

Fyrirframgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur á árinu 1993 vegna framangreinds eru engar (sjá töflu 4 í greinargerð KE-93/01). Raunverulegt vinnuframlag er 4,0 klst. í útivinnu og 49,4 klst. í innivinnu að upphæð kr. 106.334. Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.

Rétt er að líta á vinnutíma og uppgjör fyrri ára, áður en til lokauppgjörs kemur.

2. VINNUTÍMI OG HEILDARUPPGJÖR ÁRANNA 1991-1993

Í töflu 1 hér á eftir er gefið heildaryfirlit um raunverulegt, greitt og áætlað greitt (1993) vinnuframlag Vatnamælinga fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna vatnshæðarmælakerfisins. Tölurnar eru sóttar í árlegt uppgjör Vatnamælinga, sem gert hefur verið frá árinu 1989. Þess má geta, að áður hafa Orkustofnun og RR gert upp endanlega sfn á milli vinnu ársins 1990.

TAFLA 1. Unnar og greiddar vinnustundir fyrir RR 1991 til 1993

Ár	Útvinna, klst.				Innivinna, klst.			
	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur
1991	121.1	53.5	67.6	67.6	466	302	164	164
1992	127.6	53.5	74.1	141.7	1318.7	302	1016.7	1180.7
1993	4	53.5	-49.5	92.2	49.4	302	-252.6	928.1

Svo sem sjá má, ættu Vatnamælingar enn inni hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem nemur 92,2 klst. í útivinnu, og 928,1 klst. í innivinnu á árunum 1991 til 1993, þótt greitt yrði fyrir sömu vinnu 1993 og árin á undan. Til viðhalds á stöðugleika í fjárstreymi, báðum aðilum til hagsbóta, er lagt til, að RR greiði eins og áður skv. áætlun samningsins fyrir 53,5 klst. í útivinnu og 302 klst. í innivinnu á árinu 1993.